

Umsókn um kaup á lóðinni Breiðhella 14 af Hafnarfjarðarbæ

Til : Sigríður Kristinsdóttir
Frá : Þorsteinn Auðunn Pétursson <thap@internet.is>
CC : Lilja Ólafsdóttir
Heiti : Umsókn um kaup á lóðinni Breiðhella 14 af Hafnarfjarðarbæ
Málsnúmer : 1707121
Málsaðili : RF Fasteignir ehf.
Skráð dags : 04.08.2017 16:52:38
Höfundur : Þorsteinn Auðunn Pétursson <thap@internet.is>
Viðhengi [Scan_agustar_040820172306_001.pdf](#)[Scan_agustar_040820172306_001.pdf](#)
[RF-fasteignir ehf. Ársreikningur 2015.pdf](#)[RF-fasteignir ehf. Ársreikningur 2015.pdf](#)

Sælar báðar tvær Sigríður og Lilja.

Ég og við hjá Work North ehf. og Prima ehf. komum til með að sækja um lóðina Breiðhella 14 í nafni annars félags.

Félagið heitir RF-fasteignir ehf. kt. 670612-0150.

Varðandi ársreikning síðasta árs þá er endurskoðandi félagsins er í fríu og ég veit ekki hvenær hann kemur en ég sendi þér ársreikning félagsins fyrir árið 2015.

Einnig fylgir með yfirlýsing frá banka um greiðsluhæfi og mögulega lánafyrirgreiðslu til félagsins.

Varðandi reynslu af byggingarstarfsemi þá er hún umtalsverð í gegnum móðurfélagið GLL ehf. kt. 490307-0790. Það félag er í miklum byggingarframkvæmdum í suður Svíþjóð sem við höfum upplýst Hafnarfjarðarbæ um samhliða umsókn dótturfélags í útboði hans á niðurrifi Dverg.

Eitt dótturfélag GLL ehf., Prima ehf. hefur mikla reynslu í byggingastarfssemi. Félagið hefur þegar byggt 16 íbúða fjölbýlishús í Svíþjóð og er að fara í framkvæmdir við að byggja 32 íbúðir til viðbótar.

Jafnframt hefur Prima ehf. byggt Laugaveg 4-6, Hverfisgötu 58 í Reykjavík og hús þar á bakvið ásamt fleiri byggingaverkefnum.

Systurfélögin Prima ehf. og Work North ehf. koma til með að vinna alla jarðvegsvinnu, slá upp fyrir sökklum og reisa 600 fm. stálgrindarhús sem þau ætla að nota undir starfssemi sína.

Markmiðið er svo að bæta við húsakostinn eftir þörfum félaganna.

Svona í leiðinni vildi ég aðeins minna ykkur á að Work North ehf. era ð ljúka niðurrifi á Dverg á umsömdum verktíma.

Með von um góðar undirtektir,

Góða helgi.

Kv. Þorsteinn Auðunn
framkvæmdarstjóri

